

**78. fundur Skóla- og frístundaráð, haldinn í fundarherbergi 3. hæð, Stillholti 16-18,  
6. mars 2018 og hófst hann kl. 16:30**

**Fundinn sátu:**

þórður Guðjónsson formaður, Sigríður Indriðadóttir varaformaður, Kristinn Hallur Sveinsson aðalmaður, Ásthildur Ósk Ragnarsdóttir áheyrnarfulltrúi, Sigrún Inga Guðnadóttir áheyrnarfulltrúi, Jófríður María Guðlaugsdóttir fulltrúi foreldra í Grundaskóla, Hildur Karen Aðalsteinsdóttir starfsmaður ÍA og Helga Sjöfn Jóhannesdóttir formaður ÍA, Valgerður Janusdóttir sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs og Friðbjörg Eyrún Sigvaldadóttir verkefnastjóri

**Fundargerð ritaði:** Valgerður Janusdóttir, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs.

**Fyrir tekið:**

**1. 1802344 - Foreldraráð Grundaskóla (foreldrafélag)**

Staða húsvarðar við Grundaskóla

*Sigurður Arnar Sigurðsson og Jófríður María Guðlaugsdóttir taka sæti á fundinum.*

*Skóla- og frístundaráð þakkar erindið og hvetur til þess að fundin verði varanleg lausn á fyrirkomulagi húsvörslu skólamannvirkja Akraneskaupstaðar. Skóla- og frístundaráð óskar eftir að fá kynningu frá skipulags- og umhverfissviði.*

**2. 1611149 - ÍA - rekstur og samskipti, endurnýjaður samningur**

Samningur Akraneskaupstaðar og ÍA

*Kynning á stöðu máls.*

**3. 1802385 - þjónustubörf nemenda**

Málefni nemanda - Trúnaðarmál

*Samþykkt að vísa erindinu til bæjarráðs.*

**4. 1710094 - Gjaldskrár skóla- og frístundasviðs árið 2018**

Tillaga að endurskoðuðum texta í gjaldskrá íþróttamannvirkja.

*Tillaga að endurskoðaðri gjaldskrá íþróttamannvirkja samþykkt og vísað í bæjarráð.*

*Tillaga að endurskoðaðri gjaldskrá tónlistarskóla Akraness samþykkt og vísað í bæjarráð*

**5. 1803017 - Stuðningur við afreksíþróttafólk**

*Skóla- og frístundaráð leggur til að veittur verði styrkur til stuðnings afreksíþróttafólki. Unnið verði að verklagsreglum afreksstyrkja samhlíða endurskoðun á úthlutunarreglum úr íþróttu- og menningarsjóði. Um væri að ræða tímamótastyrk fyrir framúrskarandi íþróttafólk, einstaklinga sem skipa sér með árangri sínum með þeim fremstu í heiminum. Þessu til hliðsjónar verði horft til afreksstefnu ÍSÍ.*

*Erindinu er frestað.*



Sigríður Indriðadóttir víkur af fundi kl. 18:00.

**6. 1802269 - Heilsueflandi samfélag**

Erindi frá ÍA - Heilsueflandi samfélag

Hildur Karen Aðalsteinsdóttir og Helga Sjöfn Jóhannesdóttir taka sæti á fundinum kl. 18:10.

Skóla- og frístundaráð fagnar tillögu ÍA og leggur til við bæjarráð að stofnað verði þverfaglegt teymi sem gerir tillögu að stefnumörkun og framkvæmdaáætlun Akraneskaupstaðar í átt að heilsueflandi samfélagi.

**7. 1801280 - Aðgerðaáætlun ÍA gegn hvers kyns ofbeldi.**

Kynning á vinnu ÍA við gerð siðareglna, viðbragðsáætlana og fræðslu um ofbeldi, kynferðislega áreitni og kynferðisofbeldi.

Skóla- og frístundaráð fagnar þeirri vinnu sem hefur átt sér stað hjá ÍA við gerð jafnréttisstefnu og stefnu um kynferðislega áreitni og kynferðisofbeldi sem nú er lokið. Jafnframt er vinna ÍA við gerð viðbragðs- og fræðsluáætlunar á lokastigi. Gert er ráð fyrir að allri vinnu verði lokið í byrjun apríl og áætlanir lagðar fyrir aðalfund ÍA þann 12. apríl nk.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 19:30.

*Sigríður Indriðadóttir  
Ragnheiður Ósk Rognarsd.  
Kristinn Hallur Sveinsson  
Valgerður Jónsdóttir*